

# Landbúnaðarsýningin 1947.


Eftir *Steingrím Steinþórsson*.

Hin fyrsta almenna landbúnaðarsýning, sem stofnað hefur verið til og hrundið í framkvæmd hérlendis, var haldin í Reykjavík 28. júní til 15. júlí 1947. Þar sem sýning þessi var að mestu leyti á vegum Búnaðarfélags Íslands, þótt margar stofnanir, sem að meira eða minna leyti starfa að landbúnaðarmálum, legðu þar ágætt starf fram, þykir hlýða að gera hér nokkra grein fyrir sýningunni. Verður það jafnframt skýrsla frá mér um störf mín varðandi sýninguna frá því er síðasta búnaðarþing var háð.

## Stjórn sýningarinnar.

Í síðustu starfsskýrslu minni til búnaðarþings 1947, bls. 29—33, er nokkuð skýrt frá aðdraganda og fyrsta undirbúningi sýningarinnar. Nær sú frásögn til ársloka 1946. Hér skal ekki endurtekið, það sem þar er sagt, heldur aðallega haldið áfram frá ársbyrjun 1947. Þó þykir hlýða að taka eftirfarandi fram um stjórn þessara mála, þótt það sé að nokkru leyti endurteking þess sem áður er sagt.

Í október 1946 var sett á stofn sýningarráð, skipað 24 fulltrúum frá 22 félagssamtökum eða stofnunum varðandi landbúnaðinn — sjá „Til búnaðarþings 1947“ bls. 31—32. Samkvæmt ósk sýningarráðs féllt forseti Íslands, herra *Sveinn Björnsson*, á að



Frá heimilisiðnaðardeild.

X. *Heimilisiðnaðardeild.* Undirbúningsnefndina skipuðu þessar konur:

*Ragnildur Pétursdóttir, formaður.*

*Lára Árnadóttir.*

*Soffia Haraldsdóttir.*

*Ólöf Blöndal.*

*Guðrún Jónsson.*

Þessi deild fékk til umráða mikið og hentugt húsnæði í aðalsýningarskalanum miðjum. Var þar komið fyrir mjög glæsilegri sýningu á heimilisiðnaði úr öllum sýslum og kaupstöðum landsins. Undirbúningsnefnd þessarar deildar, og þó sérstaklega formaður nefndarinnar, frú Ragnildur Pétursdóttir, höfðu mikið erfiði og umstang fyrir að koma sýningunni upp, þar sem þær söfnuðu sýningarmunum um allt land. En þetta starf bar þann glæsilega árangur, að allir voru sammála um að heimilisiðnaðarsýningin hefði tekizt með ágætum. Á heimilisiðnaðarsýningunni voru um 660 sýningarmunir. Hafði